

Efnisyfirlit

Tillögur til 28. aðalfundar.....	3
Allsherjarnefnd.....	3
Stærðarmörk krókaaflamarksbáta óbreytt.....	3
Stærðarmörk krókaaflamarksbáta stækkun	4
Stærðarmörk krókaaflamarksbáta frestun afstöðu.....	5
Makrílveiðar	5
Makrílnefnd.....	7
VS afli.....	7
Sjómannaafsláttur	8
Veiðigjöldum hafnað.....	9
Veiðigjöld lögmæti.....	9
Veiðigjöld breytingar.....	10
Veiðigjöld markaðsstarf.....	10
Evrópusambandið	11
Reglugerðir	11
Reglugerðalokanir	12
Veðurathugunarstöð.....	12
Dragnót	12
Umhverfissamtök.....	12
Hvalveiðar.....	13
Fjarskipti	13
Stjórn Hafransóknastofnunarinnar.....	13
Sjávarútvegsnefnd.....	14

Auknar veiðiheimildir í ýsu	14
Auknar veiðiheimildir í þorski	17
Byggðakvóti	17
Línuvílnun	17
Strandveiðar svæðaskipting.....	18
Strandveiðar úrsögn.....	18
Strandveiðar utan aflamarks	19
Strandveiðar eignarhald	19
Strandveiðar fyrirkomulag	20
Strandveiðar byrjunartími.....	21
Strandveiðar makrílveiðar	21
Strandveiðar gjaldtaka	22
Strandveiðar gjaldtaka	22
Aukning aflahlutdeilda.....	22
Úthlutun í þorskígildum	23
Geymsluréttur og veiði næsta árs.....	23
Aflareglur	23
Skötuselsveiðar	23
Steinbítiskvóti	23
Grásleppunefnd	24
Flottrollsveiðar	24
Veiðitími	24
Veiðileyfi	26
Netafjöldi.....	26
Merkingar neta.....	27

Veiðistjórnun.....	27
Grásleppunefnd fulltrúar	28

Tillögur til 28. aðalfundar

Landssambands smábátæigenda

Allsherjarnefnd

Stærðarmörk krókaafلامarksbáta óbreytt

1. Svar Félags smábátæigenda á Austurlandi við erindi stærðarmarkanefndar LS hvað varðar stækkun krókaafلامarksbáta:
„Aðalfundurinn samþykkir samhljóða að ekki verði kvikað frá núverandi reglum um stærðarmörk krókaafلامarksbáta”.
2. Farsæll vill óbreytt stærðarmörk smábáta þ.e. 15 brt.

3. **Báran** samþykkir að stækkun krókabáta verði óbreytt.
4. **Strandveiðifélagið Krókur** mótmælir harðlega öllum tillögum um að stækka hámarksstærð krókaafلامarksbáta. Allar slíkar tillögur eru stórhættulegar núverandi kerfi og munu hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér.
5. **Elding** samþykkir að stærðarmörk krókaafلامarksbáta verði óbreytt.
6. **Strandir**. Fundurinn samþykkir að ekki sé kvikað frá núverandi reglum um stærðarmörk krókaafلامarksbáta.
7. **Skalli** samþykkir að stærðarmörk krókaafلامarksbáta verði óbreytt – að hámarki 15 brúttótonn.
8. **Klettur** hafnar alfarið frekari stækkun krókabáta.
9. **Fontur** samþykkir að ekki sé kvikað frá núverandi reglum um stærðarmörk krókaafلامarksbáta.

Stærðarmörk krókaafلامarksbáta stækkun

10. **Hrollaugur** leggur til að hámarkslengd krókabáta verði 14,99 m og stærð þeirra undir 30 brt.
Greinargerð.
 - a. Bátarnir verði rúmbetri fyrir mannskapinn.
 - b. Bátarnir verði öruggari á öllum sviðum.
 - c. Réttindamál smábátasjómana eru miðuð við 30 brt.
 - d. Stækkun mun auðvelda krókabátum að uppfylla væntanlega reglugerð frá Mast, þar sem heimilt verður að dæma afla ónýtan sé hitastig hans hærra en 4°C.

Stærðarmörk krókaafلامarksbáta frestun afstöðu

11. Snæfell samþykkir að fresta því að taka afstöðu til stækkunarmála þar til niðurstaða er komin í Bíldseyjarmáli.

Makrílveiðar

12. Austurland. Veiðiheimildir til færaveiða á makríl verði að lágmarki 10 þúsund tonn.

13. Hrollaugur ályktar að LS hafi það sem forgangsatriði að fá viðurkennt að makrílpottur sem er ætlaður til línu og handfæra verði stækkaður í 20.000 tonn.

Greinargerð.

Makrílveiðar á handfæri hafa verið stundaðar á tilraunastigi í nokkur ár.

Á sl. sumri stunduðu 17 bátar veiðar með góðum árangri. Ljóst er að mjög hagkvæmt er að veiða makríl á handfæri miðað við önnur veiðarfæri.

Gríðarlegur áhugi er fyrir þessum veiðum og margir hafa hug á þeim næsta sumar samtímis sem kaupendum af krókaveiddum makríl fer fjölgandi.

Ef fer sem horfir er ljóst að 845 tonna pottur, sem var í sumar, dugur engan veginn fyrir þann flota sem hyggst stunda veiðar næsta sumar.

Margvísleg rök eru fyrir makrílveiðum á handfæri, svo sem:

- i. umhverfisvænar veiðar,
- ii. hágæðahráefni,
- iii. atvinnuskapandi,
- iv. afla mikillar þekkingar um göngur makríls á grunnslóð umhverfis Ísland.

14. Farsæll ályktar að makrílpottur fyrir smábáta þ.e. báta undir 15 brt. verði aukinn í 18% af heildarafla í makríl, þ.e. að lágmarki 20.000 tonn í svipaðri fyrirmynd og þekkist erlendis, t.d. í Noregi.

Greinargerð.

- a. Makrílveiðar á handfæri hafa verið stundaðar í nokkur ár. Þeir bátar sem stunduðu þessar veiðar á sl. fiskveiðiári gerðu það með mjög góðum árangri. Ljóst er að mjög hagkvæmt er að veiða makríl á handfæri miðað við önnur veiðarfæri. Mikill áhugi er fyrir þessum veiðum og mjög margir hafa hug á þeim á næsta ári. Samtímis því sem kaupendum sem hafa áhuga vegna gæða hans fer ört fjölgandi, mun úthlutun eins og hún hefur verið, engan veginn fullnægja þeirri þörf sem er fyrir þennan bátaflokk.
 - b. Helstu rök fyrir auknum veiðiheimildum til smábáta í makríl eru:
 - Veiðarnar eru umhverfisvænar
 - Þær skila hágæða hráefni
 - Þær eru mannaflsfrekar - atvinnuskapandi
 - Þær afla mikillar þekkingar um göngur makríls á grunnslóð
 - Makrill étur mikið af seiðum svo sem grásleppu-, þorsk- og ýsuseiðum, sandsíli, rauðátu, ljósátu og smásíld. Og ekki má gleyma laxaseiðum.
15. Árborg samþykkir að beina því til aðalfundar LS að makrílþotturinn sem ætlaður er til handfæraveiða verði hækkaður í 3.000 tonn eins og hann var í upphafi. Tekið verði tillit til þess að eigendum handfærabáta hefur ekki gefist nægur tími til að útbúa bátana og þróa veiðarnar. Til þess þarf nokkurra ára svigrúm. Til lengri tíma lítið er ekki óeðlilegt að færabátum sé úthlutað 20.000 tonnum á ári.
16. Reykjanes. Makrílþottur fyrir handfæri verði að lágmarki 18%, sem er svipað og gerist í Noregi.
17. Sæljón krefst stóraukins kvóta í makríl.
18. Snæfell krefst þess að krókaveiðar á makríl verði opnar öllum krókabátum og þeim heimilt að veiða a.m.k. 10.000 tonn.

19. Strandveiðifélagið Krókur leggur til að makrílpotturinn verði stækkaður í a.m.k. 10.000 tonn.
20. Elding leggur til að makrílpottur handa handfærabátum verði stóraukinn.
21. Strandir. Fundurinn krefst þess að veiðiheimildir til krókaveiða á makríl verði auknar í a.m.k. 10 þúsund tonn á næsta ári.
22. Skalli hvetur ráðherra til að úthluta allt að 20 þúsund tonn til makrílveiða á króka.
23. Klettur telur brýnt að auka möguleika smábáta í veiðum á makríl með auknum veiðiheimildum til krókaveiða í allt að 20.000 tonn.
24. Fontur lýsir yfir ánægju með góðan árangur smábáta við makrílveiðar og leggur til að hlutur krókaveidds makríls verði að lágmarki 10 þúsund tonn.

Makrílnefnd

25. Báran beinir því til aðalfundar LS að sett verði á fót nefnd sem fjallar um málefni makrílveiðimanna. Nefndin starfi milli aðalfunda og verði skipuð fimm mönnum sem kosnir eru á aðalfundi. Framkvæmdastjóri LS starfi með nefndinni og sjái um boðun funda.

VS afli

26. Farsæll ályktar að VS - afli verði færður til fyrra horfs þ.e. í eitt tímabil á fiskveiðiárinu.

27. **Reykjanes.** Vs - afli verði færður til fyrra horfs þ.e.a.s eitt tímabil en ekki 4 eins og er núna.
28. **Elding** leggur til að VS afla verði hægt að skipta í þrennt – 40% fari í AVS, 20% fari til útgerðar og áhöfn geti ánafnað líknarsamtökum, góðgerðarsamtökum eða styrktarsjóðum 40%.
29. **Klettur** skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að færa reglur um VS afla til fyrra horfs.

Sjómannaafsláttur

30. **Árborg** ályktar að áhersla verði lögð á að leita allra leiða til að koma í veg fyrir afnám sjómannaafsláttarins.
31. **Báran** vill að áhersla verði lögð á að leita allra leiða til að koma í veg fyrir afnám sjómannaafsláttarins.
32. **Sæljón** mótmælir afnámi sjómannaafsláttarins og krefst þess að kjaraskerðingin verði bætt.
33. **Strandveiðifélagið Krókur** mótmælir harðlega þeirri fyrirætlun stjórnvalda að fella niður sjómannaafslátt.
34. **Klettur** skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að bæta sjómönnum nú þegar upp þá tekjuskerðinu sem þeir hafa orðið fyrir með lækkun sjómannaafsláttar.
Fyrirhugað afnám sjómannaafsláttar mun auka þessa tekjuskerðingu enn frekar og skorar fundurinn á ráðherra að kanna aðrar leiðir í þessu sambandi, t.d. með dagpeningagreiðslum, hærri persónuafslætti eða öðrum sambærilegum skattaívilnunum.

35. Fontur mótmælir afnámi sjómannaafsláttar og leggur til að hann verði færður til samræmis við það sem hann er í nágrannalöndum okkar.

Veiðigjöldum hafnað

36. Farsæll hafnar núgildandi lögum um veiðigjald.
Greinargerð.
Mikill samdráttur hefur orðið á aflaheimildum undanfarin ár og hefur þetta mikil áhrif á rekstur útgerðarinnar.
37. Árborg beinir því til aðalfundar LS að félagið berjist af mikilli hörku gegn þeirri ofurskattlagningu sem stjórnvöld hafa nú lagt á sjávarútveginn og mun smá saman draga allan mátt úr greininni og verða til þess að íslenskur sjávarútvegur mun dragast aftur úr keppinautum sínum erlendis.
38. Reykjanes hafnar algerlega lögum atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um veiðigjöld.
39. Aðalfundur Bárunnar fordæmir ofurskattlagningu á sjávarútveginn sem mun draga allan mátt úr greininni og verða til þess að hann verði ósamkeppnishæfur.
40. Klettur skorar á stjórnvöld að hætta nú þegar árásum sínum á sjávarútveginn í formi ofurskatta og ofstjórnar og gefa greininni frið til að vaxa og dafna til að takast á í samkeppni við ríkisstyrktan sjávarútveg nágrannabjóðanna.

Veiðigjöld lögmæti

41. **Reykjanes.** LS láti á það reyna fyrir dómstólum hvort álagning veiðigjalda standist lög.
42. **Strandveiðifélagið Krókur** styður hugmyndir formanns LS um rannsókn á auðlindagjaldi. Í því sambandi er vísað til samþykktar stjórnar LS frá fundi hennar í júlí 2012:
„Stjórn LS samþykkir að fengið verði lögfræðilegt álit á því hvort sérstakt veiðigjald standist stjórnarskrá og lög. Sé niðurstaða slíks álits að gjaldið standist ekki, mun stjórn LS taka ákvörðun um framhald málsins“.
43. **Snæfell** beinir því til stjórnar LS að kanna lögmæti þess að innheimt sé auðlindagjald af sérstakri úthlutun í skötusel.

Veiðigjöld breytingar

44. **Reykjavík.** Sá afsláttur sem gefinn er af veiðigjaldi og nær nú upp að fyrstu 30 tonnunum verði látið ná upp að fyrstu 100 tonnunum.

Veiðigjöld markaðsstarf

45. **Sæljón** beinir því til LS að gera kröfu um að stærsti hluti auðlindagjaldsins fari í að auka kynningu og þar með sölu á sjávarafurðum.
46. **Fontur** skorar á stjórnvöld að fjórðungur af veiðigjaldi verði varið til markaðsstarfs fyrir sjávarafurðir.
Greinargerð.
Það er mat aðalfundar Fonts að samkeppni fari mjög harðnandi á mörkuðum fyrir sjávarafurðir. Helstu samkeppnisaðilar okkar hafa nú þegar hafið gríðarlega markaðssókn sem gæti leitt til þess að neytendur taki þeirra vörur fram yfir sjávarafurðir héðan. Fontur telur brýnt að svara þessu strax

með auknu fjármagni til markaðsmála.

Evrópusambandið

47. Árborg beinir því til aðalfundar LS að hann hafni alfarið inngöngu Íslands í Evrópusambandið og mótmæli aðildarumsókninni harðlega.
48. Klettur hafnar alfarið aðild að Evrópusambandinu.

Reglugerðir

49. Reykjanes. Skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að skila til félagsins álitni um lokun svæðis fyrir togveiðum vestur úr Sandgerði og suður úr Grindavík.
Greinargerð.
Reykjanes hefur í áraraðir farið fram á lokun svæðisins en aldrei fengið skýr svör hvers vegna það er ekki gert.
50. Snæfell krefst þess að hólfi út af Höfða verði opnað, standist mæling á svæðinu.
51. Strandveiðifélagið Krókur leggur til að reglugerðarhólf sunnan Látrabjargs verði opnað fyrir færa- og línuveiðum.
52. Hrollaugur óskar eftir því að LS beiti sér af fullum þunga að láta opna reglugerðarhólf fyrir línuveiðum út af Suðausturlandi (svokölluð keiluhólf).
Greinargerð.
Óvíða umhverfis landið eru jafn stór svæði lokuð línuveiðum og fyrir Suðausturlandi í yfirskyni þess að verið sé að friða keilu. Lokanir þessar eru farnar að hamla línuveiðum á þessu svæði verulega. Innan hólfanna eru góð

mið bæði þorsks og ýsu og keila í minnihluta aflans.

Reglugerðalokanir

53. Snæfell samþykkir að reglugerðahólf, sem til eru komin af endurteknum skyndilokunum, séu endurskoðaðar af Fiskistofu árlega.
54. Klettur skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að breyta fyrirkomulagi reglugerðalokana þannig að lokun hólfa falli úr gildi eigi síðar en þremur árum eftir að þau hafa verið ákveðin.

Veðurathugunarstöð

55. Farsæll vill að LS beiti sér áfram í því að komið verði upp veðurathugunarstöð á Reynisfjalli.

Dragnót

56. Farsæll ályktar að dregin veiðarfæri svo sem dragnót (snurvoð) verði alfarið sett undir sömu lög og skilyrði og aðrir togveiðibátar. Þar verði miðað við 3 - 4 sml. eftir stærð fyrir Suðurlandi.

Umhverfissamtök

57. Reykjanes. Mótmæla afskiptum umhverfissamtaka af fiskveiðum. Samtökin hafa löngu sýnt að þau hafa litla sem enga innsýn inn í fiskveiðistjórnun og það umhverfi sem íslenskir fiskimenn starfa í.

Hvalveiðar

58. Strandveiðifélagið Krókur styður veiðar á hval og hvetur stjórnvöld til að fylgja málinu eftir.

Fjarskipti

59. Strandveiðifélagið Krókur leggur til að LS beiti sér fyrir bættum fjarskiptum á norðanverðum Breiðafirði (talstöð og gsm).

Greinargerð.

Í fjarskiptaáætlun 2005-2010 var gert ráð fyrir að langdræg stafræn farsímaþjónusta stæði til bóta á miðum við landið eftir að síminn hætti rekstri NMT kerfisins 1.september 2010. Til að mynda er hálfur Arnarfjörður án gsm-sambands.

Stjórn Hafransóknastofnunarinnar

60. Fontur mótmælir því að hagsmunaaðilar sitji í stjórn Hafró. Meðan óbreytt fyrirkomulag varir krefst aðalfundur Fonts að fulltrúi frá LS komi inn í stjórn Hafransóknastofnunarinnar.

Sjávarútvegsnefnd

Auknar veiðiheimildir í ýsu

1. Austurland. Ýsukvóti verði aukinn um 14 þúsund tonn nú þegar.

2. **Farsæll** skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að auka núverandi úthlutun í ýsu um 15.000 tonn vegna mikillar ýsugengdar allsstaðar við landið.
3. **Árborg** beinir því til aðalfundar LS að mótmæla kröftuglega hversu lítill kvóti er gefinn út í ýsu á yfirstandandi fiskveiðiári. Kvótaskerðingin er ekki í nokkru samræmi við ástand ýsustofnsins og mun einungis leiða til vandræða.
4. **Reykjanes**. Skora á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að auka nú þegar aflamark í ýsu vegna mikillar ýsugengdar á grunnslóð.
5. **Báran** gagnrýnir Steingrím J. Sigfússon harðlega fyrir að fara blint eftir ráðleggingum Hafrannsóknastofnunarinnar að skera niður ýsukvótann.
6. **Sæljón** gerir kröfu um að niðurskurður á ýsu verði tekinn til baka og telur forsendur illa grundaðar og afleiðingar varasamar.
7. **Snæfell** ályktar að ráðgjöf Hafró verði tekin til endurskoðunar og ýsukvóti aukinn.
8. **Strandveiðifélagið Krókur** skorar á stjórnvöld að gangast fyrir því að ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar verði tekin til gagngerrar endurskoðunar. Um þverbak keyrði nú síðast þegar stofnunin gaf ráðgjöf varðandi ýsuveiðiheimildir fyrir yfirstandandi fiskveiðiár. Ráðgjöfin er í fullkomnu ósamræmi við daglega reynslu veiðimanna á miðunum. Fundurinn skorar og á ráðherra að stórauka nú þegar ýsukvótann.
9. **Elding** leggur til að skorað verði á ráðherra sjávarútvegsmála að auka nú þegar við ýsukvótann að lágmarki upp að 50.000 tonnum.
10. **Strandir**. Fundurinn lýsir miklum áhyggjum af því ástandi sem nú þegar hefur skapast í kjölfar hins mikla niðurskurðar í ýsuveiðiheimildum. Í Húnaflóa er

gríðarlegt magn ýsu og sama hvernig reynt er að forðast hana þá er það einfaldlega ekki hægt nema þá að hætta veiðum með öllu.

11. **Strandir.** Fundurinn er sannfærður um að Hafrannsóknastofnunin er á algerum villigötum varðandi mælingar sínar á stærð ýsustofnsins. Sú aðferðafræði sem stofnunin notar við þær mælingar stangast á við alla heilbrigða skynsemi. Fyrir það fyrsta er aðferðinni með öllu fyrirmunað að mæla nokkurn skapaðan hlut þegar komið er á grunnslóðina og hvað þá inn á flóa og firði.

Í því sambandi bendir fundurinn á að til margra ára hefur verið himinn og haf á milli mælinga Hafrannsóknastofnunarinnar annars vegar og reynslu sjómanna sem stunda ýsuveiðar á grunnslóð hins vegar. Þekkingu sína byggja sjómenn á áratuga reynslu sinni við störf sín á grunnslóðinni, en vísindamenn á niðurstöðum úr togararalli.

Undanfarin ár hafa krókabátar veitt um fjórðung ýsunnar á Íslandsmiðum, en raunveruleg hlutdeild þeirra er mun lægri. Handhafar þeirra ýsuveiðiheimilda sem dekkað hefur mismuninn nota þær til að leigja frá sér, og þá iðulega svo seint á fiskveiðiárinu að verðið er komið út úr öllu korti.

Það er krafa fundarins að stjórnvöld viðurkenni raunverulega veiðihlutdeild krókabáta í ýsuveiðunum og tryggi þeim hana nú þegar.

12. **Skalli** skorar á ráðherra að auka nú þegar veiðiheimildir í ýsu að lágmarki um 15 þúsund tonn.
13. **Klettur** skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að auka nú þegar ýsukvóta í 50 þúsund tonn og hækka hlutdeild krókabáta í 25% af heildarúthlutun sem er í samræmi við veiðar þeirra undanfarin ár.
14. **Fontur** skorar á SJS að sýna þann kjark að auka nú þegar veiðiheimildir í ýsu.

Auknar veiðiheimildir í þorski

15. Austurland. Þorskkvóti verði aukinn í 230 þúsund tonn á yfirstandandi fiskveiðiári.
16. Klettur skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að auka nú þegar þorskkvóta í 230 þúsund tonn, í samræmi við aflareglu.

Byggðakvóti

17. Farsæll krefst þess að byggðakvóti verði afnuminn í núverandi mynd og honum úthlutað með heildarafla.
18. Reykjanes. Afnema skuli byggðakvóta í núverandi mynd.
19. Strandveiðifélagið Krókur samþykkir að standa beri vörð um byggðakvóta.
20. Klettur skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að koma á byggðaívilnun í stað byggðakvóta.
21. Klettur hvetur atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að endurskoða þær reglur sem beitt er við úthlutun byggðakvóta til byggðalaga, með það sérstaklega í huga að bæta hag smærri byggðalaga svo og þeirra byggðalaga sem byggja sína afkomu að mestu á sjávarútvegi.

Línuívilnun

22. Austurland. Línuívilnun verði ekki skert og nái til allra dagróðrabáta (innan LS) sem róa með línu, enda komi veiðiheimildir til ívilnunar utan aflamarks.
23. Hrollaugur samþykkir að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta, óháð beitingaraðferð.
Greinargerð.
Forðast ber reglur sem halda aftur af eðlilegri þróun og leiða til stöðunar í greininni.
24. Strandveiðifélagið Krókur leggur til að ályktun frá aðalfundi Króks 17.september 2011 um línuívilnun verði fylgt eftir þannig að öll fiskiskip er stunda dagróðra með línu fái ívilnun án tillits hvort handbeitt sé eða með beitingavél.
25. Klettur ítrekar fyrri ályktanir um línuívilnun til allra dagróðrabáta.

Strandveiðar svæðaskipting

26. Austurland. Svæðaskipting strandveiða verði óbreytt.

Strandveiðar úrsögn

27. Austurland. Bátar sem hefja strandveiðar fái að segja sig frá þeim um mánaðamót. Þannig gæti hver strandveiðibátur hafið strandveiðar einu sinni og hætt aftur á einu af þremur mánaðamótum strandveiðitímabilsins. Þeir ættu ekki afturkvæmt í strandveiðarnar sama árið. Þetta myndi m.a. leiða til þess að strandveiðibátar gætu stundað makrílveiðar seinnihluta sumars.

28. **Sæljón** Mögulegt verði að segja sig frá strandveiðum og snúa sér að öðrum veiðiskap.
29. **Snæfell** ályktar að heimilt verði að segja sig frá strandveiðum í lok 1., 2., eða 3. tímabils og hefja frá þeim tíma aðrar veiðar.
30. **Strandveiðifélagið Krókur** leggur til að strandveiðibátur geti sagt sig frá strandveiðileyfi og miðist uppsögnin við mánaðamót.
31. **Skalli** tekur undir tillögur nefndar LS um frjálsar handfæraveiðar með þeirri viðbót að hægt sé að segja sig frá veiðunum um hver mánaðamót.

Strandveiðar utan aflamarks

32. **Austurland.** Allar aflaheimildir til strandveiða verði teknar utan aflamarks.
33. **Farsæll** vill að aflaheimildir til strandveiða skerði ekki afla- né krókaafلامark.
34. **Reykjanes.** Aflaheimildir til strandveiða verði auknar og að þær skerði ekki aflahlutdeild annarra.

Strandveiðar eignarhald

35. **Austurland.** Eignarhaldsákvæði um strandveiðar, í bátum / félagi, verði breytt þannig að eignarhlutur þess sem rær strandveiðibát verði að minnsta kosti 30%.

36. Reykjavík. Eignarhaldsákvæði laga um strandveiðar verði fellt út.

Strandveiðar fyrirkomulag

37. Hrollaugur leggur til að aflamagn til strandveiða verði takmarkað af eftirfarandi þáttum:

- eigandi verður að vera um borð,
- hámarksfjöldi handfærarúlla fjórar,
- svæðisskipting með óbreyttum hætti,
- heimilt að veiða fjóra daga í viku - mánudag til fimmtudags,
- hámarksafli í veiðiferð 650 þorskígildi,
- hámarkslengd veiðiferðar 14 klukkustundir.

38. Snæfell krefst þess að strandveiðibátar geti róið fjóra daga í viku, 14 klst. hvern dag, 650 þorskígildi á dag, fjórar rúllur og fjóra mánuði, frá maí til ágúst. Svæðaskiptingin verði óbreytt og afli í strandveiðikerfinu skerði ekki veiðiheimildir þeirra sem eru með kvóta.

39. Elding leggur til að strandveiðikerfið verði með eftirfarandi hætti í framtíðinni:

- 4 dagar í viku
- Hver dagur 14 klst
- 650 þorskígildiskíló að hámarki hvern dag
- 4 rúllur hver bátur
- 4 mánuðir á ári
- Veiðitímabil: maí – ágúst
- Svæðaskipting verði óbreytt
- Að afli í strandveiðikerfinu verði utan aflahlutdeilda.

40. **Klettur** styður framkomnar tillögur strandveiðinefndar LS, veiði heimiluð 4 daga í viku, 4 rúllur, 14 tímar, 650 þorskígildi, svæðaskipting óbreytt, enginn hámarksafli enda skilyrt að aflinn verði tekinn utan aflamarks.
41. **Fontur** leggur til að aflamagn til strandveiða verði takmarkað af eftirfarandi þáttum:
- eigandi verður að vera um borð
 - hámarksfjöldi handfærarúlla fjórar
 - svæðaskipting með óbreyttum hætti
 - heimilt að veiða fjóra daga í viku - mánudag - fimmtudag
 - hámarksafli í veiðiferð 650 þorskígildi
 - hámarkslengd veiðiferðar 14 klukkustundir

Strandveiðar byrjunartími

42. **Sæljón** Byrjunartími á svæði **D** verði færður fram til 15.mars og skorið aftan af veiðitíma sem því nemur.

Strandveiðar makrílveiðar

43. **Sæljón** Leyfilegt verði að veiða makríl þá daga sem ekki má stunda strandveiðar.

Strandveiðar gjaldtaka

44. Sæljón mótmælir gjöldum á strandveiðar. Þau eru mörg hver ósanngjörn og illa rökstudd.

Strandveiðar gjaldtaka

45. Strandveiðifélagið Krókur leggur til að gerðar verði þær breytingar á löggjöf um strandveiðar að afli hvers veiðisvæðis fari eftir fjölda báta.

Aukning aflahlutdeilda

46. Farsæll vill að krókaafلامarksbátar fái keilu, löngu og karfa utan kvóta upp að 15-20%.
47. Reykjanes. Bátar sem veiða á handfæri í krókaafلامarki fái keilu, löngu og karfa utan kvóta upp að 15-20% af heildarafla hvernar veiðiferðar.
48. Farsæll vill láta endurskoða hlutdeild krókaafلامarksbáta í ýsu, löngu, keilu og karfa.
Greinargerð.
Krókaafلامarksbátar veiða umfram úthlutað aflamark í þessum tegundum og byggja mismuninn á að leigja til sín veiðiheimildir.
49. Reykjanes. Endurskoða þarf hlutdeild krókaafلامarksbáta í ýsu, löngu, keilu og karfa með hliðsjón að veiðum þeirra undanfarin ár.
Greinargerð.
Krókabátar veiða langt umfram úthlutað aflamark í þessum tegundum.

Úthlutun í þorskígildum

50. Klettur skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta í þorskígildum í stað núverandi fyrirkomulags.

Geymsluréttur og veiði næsta árs

51. Elding leggur til að leyft verði að taka 15% af kvóta næsta árs, eins og það er leyft að flytja 15% á næsta ár.

Aflareglur

52. Austurland. Að mótmæla því harðlega að tekin verði upp aflaregla í ýsu og ufsa.
53. Farsæll mótmælir aflareglu í ýsu og ufsa harðlega.

Skötuselsveiðar

54. Snæfell krefst þess að veiðar á skötusel verði gefnar frjálssar.

Steinbítiskvóti

55. Elding leggur til að fallið verði frá lækkun steinbítiskvóta.

Grásleppunefnd

Flottrollsveiðar

1. Austurland. Hafrannsóknastofnunin rannsaki hvaða áhrif flottrollsveiðar hafi á stærð grásleppustofnsins.
2. Snæfell krefst þess að Fiskistofa og Hafró skili skýrslu um meðafla í flottroll.
3. Strandveiðifélagið Krókur krefst þess að rannsakað verði ítarlega hversu mikill meðafli er af grásleppu og grásleppuseiðum við flottrollsveiðar.

Veiðitími

4. Reykjanes. Veiðidagar á komandi grásleppuvertíð verði ekki fleiri en 40.
5. Báran samþykkir að fækka dögum á grásleppuveiðum en lengja tímabilið sem menn mega velja um.
6. Sæljón lýsir áhyggjum af stöðunni í grásleppumálum. Bregðast þarf við með því að gefa yfirlýsingu um að dregið verði úr framboði á komandi vertíð með því að stytta veiðitímann.

7. Snæfell samþykkir að veiðidagar á grásleppu verði ekki færri en 50 á vertíðinni 2013.
8. Strandveiðifélagið Krókur leggur til að upphafstími grásleppuveiða á svæðum B og C verði 1. apríl á komandi vertíð.
9. Elding vill að grásleppuveiðitímabilið verði fært til fyrra horfs sem er frá 15. mars til 1. júlí.
10. Strandveiðifélagið Krókur samþykkir að veiðidögum á grásleppu verði fækkað vegna markaðsaðstæðna, svo fremi sem aðrar grásleppuveiðipjóðir geri slíkt hið sama.
11. Strandir. Fundurinn styður hugmyndir grásleppunefndar LS af fundi hennar 7. september sl. varðandi hugsanlegar breytingar á sókn á grásleppuvertíðinni 2013.
12. Skalli tekur undir hugmyndir grásleppunefndar LS þess efnis að dregið verði verulega úr sókn á næstu vertíð.
13. Klettur styður framkomnar hugmyndir um fækkun veiðidaga við grásleppuveiðar á næsta ári, enda sé það hluti af aðlögun veiðanna að markaðsaðstæðum í samvinnu við aðrar veiðipjóðir og stærstu framleiðendur grásleppuhrognakavíars.
14. Fontur lýsir yfir miklum áhyggjum af ástandi markaðsins fyrir grásleppuhrogn. Enn hefur ekki tekist að selja öll þau hrogn sem féllu til á síðustu vertíð. Skilaboð til grásleppuveiðimanna eru því skýr, minnka verður framboð.
15. Fontur leggur til að veiðidagar á grásleppuvertíðinni 2013 verði 15 talsins.

Veiðileyfi

16. Snæfell samþykkir að grásleppubátar geti verið með tvö veiðileyfi.

Netafjöldi

17. Snæfell samþykkir að hámarksnetafjöldi á grásleppuveiðum verði 300 stutt net m.v. 2 menn.
18. Strandveiðifélagið Krókur leggur til að hámarksfjöldi neta pr. mann á grásleppuveiðum fari úr 100 netum í 150 net miðað við stutt net en aldrei meira en 300 net pr. bát.
- Greinargerð.
Tækniframfarir síðustu ára, t.d. netaniðurleggjari, afdragari o.fl. hefur breytt vinnutilhögun um borð. Einnig hefur aðgerð víðast hvar færst í land.
19. Elding leggur til að netafjöldi á hvern mann við grásleppuveiðar verði breytt í samræmi við breyttar aðstæður við veiðarnar. Flestir bátar eru komnir með niðurleggjara og margir farnir að láta slægja í landi, þannig að vinnan á sjónum hefur minnkað til muna). Elding vill miða við að heildarnetafjöldinn yrði óbreyttur en að 150 löng net miðist við tvo menn í stað þriggja, ef slægt er í landi og um borð sé spil með afdragara og niðurleggjari.
20. Skalli leggur til að reglum um netafjölda við grásleppuveiðar verði breytt í samræmi við nýjar kröfur og tækni. Netafjöldi verði óbreyttur en miðaður við tvo menn í stað þriggja hjá bátum sem búnir eru niðurleggjara og grásleppan frá þeim skorin í landi.

Merkingar neta

21. **Strandveiðifélagið Krókur** leggur til að gerðar verði breytingar á reglugerð um merkingar veiðarfæra á þann hátt að leyfilegt verði að nota belgi til merkingar á netum að því tilskildu að þeir verði 40 tommur að stærð.

Greinargerð.

Sýnt hefur verið fram á að notkun netabauja á sumum veiðisvæðum hefur reynst illa vegna strauma og því hafa belgir verið notaðir með góðum árangri í áratugi.

22. **Elding** leggur til að við grásleppuveiðar megi notast við belgi í staðinn fyrir baujur við merkingu á gráslepputrossum, séu þeir rétt merktir. Rétt stærð af belg er ekki síðri en bauja. (Nokkurs misræmis hefur gætt hvað menn mega nota. Virðist það jafnvel fara eftir því hvaða eftirlitsmann hittist á)

Veiðistjórnun

23. **Snæfell** fordæmir þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við breytingar á veiðitíma í grásleppu fyrir ytra svæði á Breiðafirði. Fundurinn sér engin rök fyrir því að loka ytra svæðinu fyrr en tíðkast hefur á liðnum árum.
24. **Snæfell** ályktar grásleppubátar geti farið á strandveiðar í maí og grásleppu í júní.
25. **Snæfell** telur að rannsóknir Hafró á hrognkelsum séu til skammar og að veiðunum yrði best stjórnað af LS.
26. **Strandveiðifélagið Krókur** mótmælir öllum afskiptum Hafró af stjórnun grásleppuveiða. Grásleppuveiðimenn eru best til þess fallnir að sjá um sjálfbæra nýtingu stofnsins.

27. Elding leggur til að skötuselur verði utan kvóta við grásleppuveiðar.
28. Strandir. Þá mótmælir fundurinn afskiptum Hafrannsóknastofnunarinnar af veiðistjórnun á grásleppu og telur að hún sé engan veginn í stakk búin til að veita ráðgjöf af því tagi sem hún gerir í Fjölriti nr. 163; Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum 2011/2012 og aflahorfur fiskveiðiárið 2012/2013.
29. Skalli krefst þess að ákvæði sem fjallar um umvitjun neta verði felld úr gildi.

Grásleppunefnd fulltrúar

30. Grásleppunefnd LS 2011 – 2012:

Guðmundur Jónsson	Hafnarfirði
Guðmundur R. Guðmundsson	Drangnesi
Hafþór Jónsson	Patreksfirði
Kári Borgar Ásgrímsson	Borgarfirði eystra
Klemens Einarsson	Keflavík
Páll Aðalsteinsson	Stykkishólmi
Sigurður Kristjánsson	Húsavík

Tilnefningar um nefndarmenn 2012 - 2013 :

Frá Austurlandi

Kári Borgar Ásgrímsson, Borgarfirði eystra

Frá Reykjanesi

Klemens Einarsson, Keflavík. Haukur Einarsson til vara

Frá Fonti

Birgir Ingvarsson, Bakkafirði

Frá Eldingu

Bæring Gunnarsson, Bolungarvík

Frá Kletti

Sigurður Kristjánsson, Húsavík. Til vara Ólafur Sigurðsson, Árskógssandi

Frá Reykjavík

Guðmundur Jónsson, Hafnarfirði

Frá Skalla

Hilmar Zophoniasson, Siglufirði

Frá Ströndum

Guðmundur R. Guðmundsson, Drangnesi

Frá Króki

Hafþór Jónsson, Patreksfirði